

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. mars 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 310. mál.

Landvernd hefur skoðað ofanefnda þingsályktunartillögu og greinagerð með henni. Stjórn Landverndar bendir á að nú þegar er starfandi hópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra sem hefur það hlutverk að skoða heildstætt lög um mat á umhverfisáhrifum og tengda löggjöf. Hópurinn tók til starfa í byrjun árs 2019. Það er skilningur stjórnar Landverndar að sú endurskoðun á lögum, sem lögð er til í ofangreindri tillögu, falli undir starfshóp umhverfisráðherra um heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í þeim hópi á atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fulltrúa og mælir stjórn Landverndar með því að honum verði falið að koma þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinagerð með ofangreindri tillögu á framfæri í starfshópnum. Sjálfsagt er gagnlegt að skoða vel hvort sú leið sem Norðmenn hafa valið, og vísað er til í greinargerð við tillöguna, hafi reynst vel og falli að íslenskum aðstæðum.

Stjórn Landverndar vill vekja athygli á því að svokallaðar smávirkjanir geta haft mjög alvarleg og óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér og full ástæða til þess að fara varlega við leyfisveitingar. Í því sambandi er rétt að benda á mörg dæmi um fyrirhugaðar virkjanir með áætlað afl upp á 9,9 MW. Virkjanaraðilar kynna virkjanakosti upp á 9,9 MW þannig að þeir falli ekki undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (sk. rammaáætlun) en stefna leynt og ljóst að stækkun virkjunarinnar og stilla áformum sínum þannig upp óháð raunverulegu afli virkjunarinnar. Dæmi um þetta eru Brúarvirkjun og Hagavatnsvirkjun. Hagavatnsvirkjun upp á 20 MW er í biðflokki rammaáætlunar 3 en Orkustofnun hefur veitt rannsóknarleyfi fyrir því að skoða virkjun upp á 9,9 MW (sjá til dæmis góða umfjöllun Kjarnans um málið¹ Þarna er um að ræða sömu framkvæmd, sömu umhverfisáhrif en með aðstoð Orkustofnunar reynir framkvæmdaraðili að komast hjá mati rammaáætlunar á virkjunarkostinum.

Landvernd telur 10 MW viðmiðið bæði vera of hátt og misheppnað enda hafa virkjanaraðilar og Orkustofnun sýnt að þau reyna að víkja sér undan eðlilegum farvegi fyrir stærri virkjunarframkvæmdir með því að kalla þær smávirkjanir eins og dæmið um Hagavatnsvirkjun sýnir. Finna verður lausn á þessu

¹ <https://kiarninn.is/skyring/2020-02-22-hagavatnsvirkjun-fra-storhugmynd-til-smavirkjunar/>

svo bæði viðkomandi stjórnslustofnun og virkjunaraðili fari ekki bæði leynt og ljóst framhjá þessu ákvæði.

Þá er nauðsynlegt að halda því til haga að umhverfismat er ekki óþægilegt formsatriði sem þarf að afgreiða heldur er það nauðsynlegur hluti af yfirvegaðri og faglegri ákvarðanatöku með aðkomu almennings um okkar verðmætustu auðlindir og áhrifin af nýtingu þeirra. Of mörg dæmi eru um að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum sé léttvæg metin þegar kemur að því að taka endanlega ákvörðun um framkvæmdir.

Að lokum ítrekar stjórn Landverndar þá skoðun sína að þessi tillaga eigi heima hjá starfshópi umhverfis- og auðlindaráðherra um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri